

Hvernig var í (heita) pottinn búið? Funheit kynfólkska?

Milli jóla og nýárs var heldur lítið að fréttastofur af kynvígstöðvunum samkvæmt fréttamanneskjunum á sjónvarpsstöð okkar allra. Ég vissi ekki gjörlla, hvaðan á landsmenn veðrið stóð. Bleik var brugðið, en það átti heldur betur eftir að rætast úr.

Nýja árið var varla gengið í garð, þegar nýi boðhlaupsráðherrann úr Dómsmálaráðuneytinu, Jón Gunnarsson, gekk á fund ríkislögreglustjóra til að grennslast fyrir um sakfellingar karla í kynafbrotamálum. Fjölgun slíkra sakfellinga er sem kunnugt er, einn af burðarásum samstarfs græn-fjólubláu kvenfrelsunarríkisstjórnarinnar.

Í lok fundar sagði Jón fréttamanneskju RÚV, þungur á brún, að einungis fjögur af hundraði kynafbrotu í garð kvenna kæmu upp á yfirborðið. Því hafði kvenfrelsarinn, ríkislögreglustjórinn, sem flokkur hans réði á dögumum, hvíslað í eyra ráðherrans. Vonandi er spádómsgáfa ríkislögreglustjóra brigðul. En þessum spádómi fróðari taldi ráðherra að gera þyrfti gangskör að því að ljóstra upp um kvennaníðingana og hvatti þar með brotþola til dáða.

Vitalía Lazaraeva svaraði kalli ráðherrans snöfurlaga og felldi fimm kynfól í einni svipan í hlaðvarpsviðtali við landskunnan bjargvætt þolenda, kynofbeldisfræðinginn og -dómarann, Edda Falak. RÚV sýndi landsmönnum vel valið skeið úr viðtalinu, meðan fréttamanneskjan útskýrði málavöxtu með andköfum.

Ætli hún hafi nú eygt von um að skapa nýja „me-too“-byltingu? Þrjár síðustu tilraunir fréttastofunnar, þ.e. uppljóstranir um Megas og félag, óþverrana, sem byrðu Öfgadísinni eitur og nauðguðu hér um bil, og svo um níðinginn í Landhelgisgæslunni, höfðu einhvern veginn runnið út í sandinn.

RÚV vandaði sig núna og fylgdi fyrri uppskrift í þaula; þ.e. að kalla til helstu mannvitsbrekkur samfélagsins til vitnis um þessa óhæfu. Heimspekingurinn í Háskóla Íslands, sagði eins og Edda Falak, að karlkvikindin gætu bara sjálfum sér um kennt (og hrósaði svo baráttusystrunum í Öfgum); félagsfræðingurinn sagði hrottaskapinn í heita pottinum bera enn einu sinni vitni um kyngefið valdaójafnvægi, guðsgefna drottun karla, og að uppljóstrunin gæti orðið kveikjan að frekara jafnrétti kynjanna; fjölbreytileika- og kynjafræðingurinn taldi hispurslausu og ískalda frásögn Vítalíu merki um, að konur væru nú æfðari og áræðnari í brotapolahlutverkinu; talskona Stigamóta sagði það sama og venjulega; talskona eins ofbeldisþolendaathvarfanna sagði, að enn fjölgaði konum, sem segðu farir sínar ekki sléttar um kynferðislega

áreitni og kynbundinn níðingsskap í heitum pottum og víðar. Dapurleg er myndin, sem dregin er upp. En til allrar hamingju þrauka konur enn þjáningar og þjösnaðskap af hálfu sona, ástmanna, frænda og vina.

Si svona til að gefa umfjöllun sinni aukinn trúverðugleika, hefðu fréttamanneskjur RÚV getað tekið forsætisráðherra vörn tali, fulltrúa „UN Women“ og kvennaathvarfanna í Reykjavík og á Akureyri. Það má enn bæta úr því.

En hvað gerðist í heitapottinum? Brotabollinn er einn til frásagnar. Það veit bara hún „og nokkrir prestir.“ En þeir voru snúnir úr hálsliðnum fljótt og vel. Tveir þeirra sögðust saklausir, áður en dauðadómurinn féll. Þeir sýndu þá ósvífni að trúá ekki konunni. Pottníðingurinn lét meira að segja að því liggja, að það væri löglegt að striplast með nakinni konu í heitum potti. Það efast ég reyndar um, því það má ólíklegt teljast, að hann hafi ekki rennt hýru girndarauga til gyðjunnar, Vítalíu, kviknakinnar, kynþokkafullrar og kúgaðrar. Það er óumdeilanlega kynferðisleg áreitni - eða kynbundin ósvífni allavega.

„Maður er í þessum aðstæðum og frýs og segir ekkert. ... Fólk áttar sig ekki á hversu stórt þetta var. Margir halda að þetta hafi verið bara þukl en þetta fór yfir öll mörk hjá öllum,“ segir Vítalía m.a. í spjalli við hina óborganlegu Eddu, sem spyr leiðandi og túlkandi spurninga, sjúkdómsgreinir og dæmir í málinu. Stórfróðlegt samtal, ævinýrlegt og lærdómsríkt í öllu tilliti; viðtalstækni, efniviður, málfar og efnistöð yfirleitt. Edda Falak er einstök. Mæli með hlaðvarpinu.

(<https://frettin.is/2022/01/06/mennirnir-sem-vitalia-asakar-fjorir-komnir-i-leyfi-og-einn-mannana-laetur-af-storfum/>)

Fátt lýsir fréttamennsku RÚV betur en umfjöllunin um þetta hlaðvarp. Lágkúra í fréttamennsku ríkisfjölmiðils verður vart meiri.

Það verður fróðlegt að fylgjast með hinum réttarhöldunum – í karllæga dómskerfinu. Jón dómsmálaráðherra hefur ærinn starfa fyrir höndum. Það hlýtur að blasa við, að veita þurfi verulegum fjármunum til stofnunar sérstaks kynafbrotadómstóls til viðbótar kynafbrotadeildum hjá lögreglu, sem trúir konum og afgreiði slík mál fljótt og vel til að komast hjá biðlistum. Það væri í anda jákvæðrar mismununar, að þar störfuðu bara kvenfrelsunarkonur – ekki endilega menntaðar lögmanneskjur.

Einnig er einboðið að koma þurfi á fót meðferðarstofnun fyrir brotþola eða stórauka fjárveitingar til Stígamóta, svo stíga mættu hlutaðeigandi konur út úr áfallastreituröskunaráfalli sínu. En samkvæmt áfallafræðivísindum

kvenofbeldisiðnaðarins á Íslandi, er slíkt áfall óhjákvæmilegur fylgifiskur kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og kyngerviseineltis og kynbundinnar ósvífni. Sömuleiðis ætti að banna þá frygðarfullu dægrastyttingu karlþjóðarinnar að striplast í heitum pottum með konum á Evuklæðum. Óeðli þeirra samkvæmt er viðbúið, að þeir geri dísunum glingrur og stígi í vænginn við þær.

Það væri betur, ef allir brotapolar – svo ekki sé minnst á brotabrotapola og þaðan af bágstaddari þolendur - sýndu sama styrk og Vítalía: „Þetta eru fyrir mér ekkert endalokin. Mitt líf er bara að byrja. Ég er 24 ára ... Það [fólk] þarf ekkert að hafa áhyggjur af minni framtíð. Ég er alveg slök yfir þessu,“ segir hún.

Það virðist gæta torkennilegrar örvæntingar hjá fréttastofunni. „Me-too“ – bylting liggur henni á sinni. Hún leitar dyrum og dyngjum að meinsemdum karlmennskunnar. Fyrir nokkrum dögum síðan skýrði hún frá þeim hörmulega atburði, að ung kona og efnileg, hefði verið myrt á Írlandi. Þennan dag voru mýmörg morð framin um alla veröldu, ef marka má staðtölur. RÚV taldi þennan viðbjóð fela í sér þann kynjaójafnréttisboðskap, að konur væru ekki óhultar fyrir körlum.

Val fréttastofa endurspeglar þroska, þekkingu, hugarfar og innræti starfsmanneskjanna á fréttastofunni. Stundum er valið hér um bil spaugilegt. Fyrir fáum árum síðan skýrðu danskir fjölmiðlar frá því, að ung stúlka, brotapoli, hefði dregið ákæru um hópnaðgun tilbaka og þar með frelsað pilta fimm úr fangelsi. Danir trúu líka konum. RÚV sá ekki ástæðu til að leggja út af þessari staðreynd, en flutti þess í stað fréttir af dönskum karlpresti, sem ákærður var fyrir kynósóma.

Nú heggur fréttastofa RÚV reyndar aftur í sama knérunn. Við eftirgrennslan komst hún að því, að biskup hefði fjarlægt tvo presta úr embætti fyrir sömu sakir, eftir að kynafbrotadómstóll kirkjunnar felldi dóm. Ætli það séu karlar?

<https://www.dv.is/frettir/2022/1/6/samantekt-mali-dagsins-fimm-thjodthekkir-karlmenn-stiga-til-hlidar-kjolfar-asakana-ungrar-konu-um-kynferdisbrot/>